



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom - 19. apríl 2022 kl. 18:00

Mættir aðalmenn: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Baldvin Hansson (BH), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Halldór Jóhannsson (HJ)

Mættir varamenn: Sigurjón Andersen (SA),

Fjarverandi: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) aðalmaður, Sigfús B Sverrisson (SBS) og Jóhann Egilsson (JE) varamenn.

AS ritaði fundargerð.

1. Fundarsköp stjórnar

HKS óskaði eftir afstöðu stjórnarmanna til fundafyrirkomulags, m.a. hvort bera ætti öll mál sem rædd væru upp til atkvæða.

Allir sammála um að ekki sé ástæða til breytinga en ef ágreiningur sé um afgreiðslu mála verði mál afgreidd með nafnakalli.

Samþykkt að gera breytingu á framsetningu fundargerða samkvæmt tillögu ritara.

2. Bréf fulltrúa AKÍS í WIM

Guðný Guðmarsdóttir sem situr í WIM ráði FIA sendi stjórn AKÍS bréf 11. apríl s.l. þar sem óskað var eftir aðgerðum stjórnar vegna framkomu og ummæla stjórnarmanns AKÍS.

Viðkomandi stjórnarmaður sendi bréf fyrir í dag og óskaði eftir að fá að leggja fram skriflegt svar við bréfi Guðnýjar.

Umræðu og afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar stjórnar.

3. Staða framkvæmdastjóra

Þrettán aðilar sóttu um starfið og næsta skref er að vinna úr þeim.

Listi yfir umsækjendur verður sendur á stjórnina og SA mun stýra frekari úrvinnslu umsókna með liðsinni AÓS og HVH. Þau leggi sína tillögu fyrir stjórn fyrir lok mánaðarins ef nokkur kostur.

4. Tryggingamál

Stjórn AKÍS fékk Jóhann Fannar lögfræðing til að skoða tryggingamál í akstursíþróttum s.l. sumar. Staða málsins er sú að haldinn var fundur með Katrínu Júlíusdóttur framkvæmdastjóra Samtaka fjármálafyrirtækja nýlega. Þar voru viðraðar ýmsar hugmyndir en ljóst er að ekki munu fást neinar breytingar í gegn fyrir en í fyrsta lagi á haustmánuðum.

Ákveðið að fá Fannar til að mæta á stjórnarfund til að fara yfir stöðuna og ákveða næstu skref.

5. Skýrsla vinnuhóps varðandi ofbeldismál

Skýrslan var kynnt á fundi hjá ÍSÍ 8. apríl. Á þeim fundi kom fram gagnrýni á stuttan frest sérsambandanna til að kynna sér efni skýrslunnar og eins að innihald hennar væri frekar rýrt



miðað við það sem lagt var upp með. HKS upplýsti að annar kynningarfundur verði haldinn af ÍSÍ fljótlega.

6. Skipun öryggisráðs

HKS hefur haft samband við þá sem setið hafa í ráðinu og eru allir til í að sitja áfram nema AS, og enn vantar formann. AS fellst á að sitja sem formaður ráðsins til bráðabirgða, þó ekki lengur en fram í byrjun júní. Ákveðið að skipa aðra sem setið hafa.

7. Önnur mál

Mál Women in Motorsport á Íslandi - Ákveðið að halda sérstakan fund um um málið, stefnt á 10. maí.

Fundarboð og dagskrá stjórnarfundna - AÓŠ óskar eftir að betri upplýsingar og kynning á umræðuefnum berist tímanlega fyrir stjórnarfundum.

Næsti fundur 3. maí kl 18:00 sem raunfundur.

Fundi slitið kl. 19.22